

Fundargerð – 3. fundur nýrrar stjórnar Foreldrafélags Hlíðaskóla

BUS Hostel, 18. október 2021

Mætt:

- Eygló Svala Arnarsdóttir (ritari)
- Klara Geirsdóttir (gjaldkeri)
- Hallfríður Brynjólfsson (varamaður)
- Berglind Rögnvaldsdóttir (meðstjórnandi)
- (Guðmundur) Andri Hjálmarsson (varaformaður)
- Elín Ósk Hjartardóttir (meðstjórnandi)

Fjarverandi:

- Íris E. Gísladóttir (formaður)
- Þórey Björk Sigurðardóttir (skólaráðsfulltrúi)
- Kjartan Vífill Iversen (meðstjórnandi)
- Þorsteinn V. Einarsson (varamaður)
- Bára Brynjólfsson (varamaður)

Dagskrá:

1. Verkaskipting
2. Símalaus skóli
3. Aðventuhátíð
4. Önnur mál

1. Verkaskipting

Íris þurfti að hætta í stjórn vegna persónulegra aðstæðna. Eygló bauðst til að taka við sem formaður og Elín sem ritari. Hún getur þó ekki ritað fundi með Berglinni sem haldnir eru að morgni. Rætt var um að fundargerðum sé skilað fljótlega eftir fundi, þær settar inn á Slack og

stjórn komi með athugasemdir. Þegar fundargerð hefur verið samþykkt er hægt að skrifa að hún hafi verið samþykkt með rafrænum hætti og síðan senda hana til birtingar á vef Hlíðaskóla.

2. Símaleysi

Í fyrramálið er hugarflæðisfundur með Berglindi og deildarstjórum um fyrirhugað símaleysi og hafa skólastjórnendur kallað eftir samstarfi og hugmyndum frá foreldrafélaginu. Hér eru nokkrir punktar:

- Gera þarf lista yfir það sem er til og mætti nota í afþreyingarskyni?
- Kalla þarf eftir hugmyndum frá nemendum?
- Finna þarf út hvar krakkarnir mega vera, í íþróttahúsinu t.d.?
- Er hægt að breyta skipulagi á unglingagangi?
- Kannski er hægt að setja upp teikni-/föndurhorn.
- Kannski þarf ekki meira en spilastokk – áður var alltaf spilaður Kani í frímínútum.
- Það er í lagi að blanda árgöngum saman.
- Í fyrra var talað við fulltrúa frá skólum sem hafa tekið upp símaleysi. Hvað kom út úr því? Sumir töluðu um að það hefði verið algjört aukaatriði að finna aðra afþreyingu.
- Okkur hugnast best að ákveða dagsetningu, t.d. 1. mars eða 1. apríl, og kynna að Hlíðaskóla verði símalaus þaðan í frá.
- Nauðsynlegt er að fá nemendur með í lið og að taki þátt í hugmyndavinnu, t.d. með því að halda nemendaping (í u.þ.b. tvo tíma) þar sem hver bekkur skilar tveimur hugmyndum.
- Hægt er að gera þetta í 7.-10. bekk.
- Eldri krakkar geta síðan kynnt reglurnar fyrir yngri bekkjum.
- Hægt er að sækja um ýmsa styrki ef eitthvað þarf að kaupa. Kannski geta fulltrúar foreldrafélagsins hjálpað til við það.
- Hægt er að kynna verkefnið fyrir foreldrum m.a. með þessum myndböndum en foreldrafélagið styrkti gerð þeirra:

Skjánotkun og geðheilbrigði barna - I. Hluti: <https://vimeo.com/547672364>

Skjánotkun og geðheilbrigði barna - II. Hluti: <https://vimeo.com/user139865592>

3. Aðventuhátíð

Rætt er um hvort hægt sé að halda hátíðina úti, aðeins með leiksýningum, ef sótt vörnum er gætt til hins fyllsta. Börnin geta fengið glaðning frá jólasveini, litla föndurpakka, innpakkað kex og fernudrykk, t.d. Bera þarf þetta undir Berglindi og taka ákvörðun í framhaldinu.

4. Önnur mál

Rætt var um verkefni í vinnslu og næstu verkefni:

- Elín og Berglind eru að vinna í bréfi fyrir nýja nemendur/foreldra. Nýliðabréf.
- Klara og Halla eru að fara á fræðslufund með skólastjórnendum (síðasta fundi var frestað).
- Bekkjarfulltrúar: Enn vantar fulltrúa í marga bekki. Mætti fylla upp í skv. stafrófsröð og tilkynni fólki að það hafi verið „valið“ til þess að sinna hlutverkinu frá janúar (fyrst önnin er að verða búin)? Hver á að sjá um þetta? Stjórn foreldrafélagsins eða deildarstjórar? Vill einhver taka að sér að kalla eftir nafnalista hjá ritara? Þórey sýndi þessu máli áhuga. Þetta er hægt að ræða þetta við deildarstjóra á morgun.
- Vill einhver taka að sér að sækja um styrki, m.a. vegna fræðslu og Viku 6? Kjartan, t.d.
- Ratleikur á nýju ári: Klara getur skipulagt ratleik á Klambratúni.

Eygló sendir Berglindi bréf með umræðupunktum fyrir fundinn á morgun.

(Eygló hefur ekki ennþá sent umsögn vegna menntastefnu – Kjartan getur þú sent með athugasemdum til: eyglosvala@hotmail.com?)

Næsti fundur verður á mánudegi um miðjan desember, 13. desember kl. 17 á BUS Hostel.

Fundi slitið.

Fundargerð hefur verið samþykkt rafrænt.